

Þinggerð

47. ársþing Glímusambands Íslands

Reykjavík 19. febrúar 2011

47. ársþing

Glimusambands Íslands

Haldið í Reykjavík 19. febrúar 2011

kl. 17:30

Dagskrá:

1. Þingsetning
2. Kosin kjörbréfanefnd
3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins
4. Kjörnar aðrar nefndir, skipaðar þremur mönnum hver
 - a) Fjárhagsnefnd
 - b) Laganefnd
 - c) Allsherjarnefnd
5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína
6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga
7. Ávörp gesta
8. Umræður um skýrslu og reikninga
9. Reikningar bornir upp til samþykktar
10. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun næsta ár
11. Lagðar fram lagabreytingar sem fram hafa komið
12. Teknar til umræðu tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar og einnig mál sem þingfulltrúar vilja koma á framfæri

- Þinghlé -

13. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær
14. Ákveðið gjald ævifélaga
15. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna, varaskoðunarmanna og fulltrúa á íþróttahing
16. Kosnir þrír menn í aganefnd og þrír til vara
17. Önnur mál
18. Þingslit

1. Þingsetning

Þingið var haldið í sal ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni Reykjavík. Ólafur Oddur Sigurðsson, formaður Glímusambands Íslands, setti þingið kl. 17.36 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Hann var 34 ára þennan dag og hæstánægður með það en baðst undan afmælissöng.

2. Kosin kjörbréfanefnd

Ólafur lagði til að Stefán Geirsson yrði formaður kjörbréfanefndar og með honum þeir Helgi Bjarnason og Jóhann Pálmason. Það var samþykkt einróma.

3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Eftir tillögu Ólafs var Kristján Yngvason kosinn þingforseti en Sigmundur Stefánsson til vara. Jón M. Ívarsson var kjörinn þingritari og varamaður hans Snær Seljan Þóroddsson.

4. Kosnar aðrar nefndir

Ólafur formaður gerði tillögur um aðrar þingnefndir og voru þær samþykktar athugasemdalaust. Í fjárhagsnefnd völdust Atli Már Sigmarsson formaður, Sigmundur Stefánsson og Óttar Ottósson. Í laganefnd voru Kjartan Lárusson formaður, Rúnar Brynjólfsson og Jóhanna Kristjánsdóttir. Ásmundur Ásmundsson var formaður allsherjarnefndar og með honum Hermann Níelsson og Svana Hrönn Jóhannsdóttir.

5. Skýrsla stjórnar

Frammi á þinginu lá vegleg ársskýrsla GLÍ sem Ólafur Oddur Sigurðsson hafði tekið saman. Skýrslan var að vanda mjög ítarleg og þar var að finna skýrslur allra nefnda sambandsins og úrslit glímumóta auk skýrslu stjórnarinnar. Ólafur las upp ávarp sitt sem prentað er í skýrslunni og fór yfir efnisatriði hennar. Annars kvaðst hann láta skýrsluna tala sínu máli. Hann vakti sérstaka athygli á að allir starfsmenn væru tíundaðir í árbókinni en allir þeir góðu menn sem starfa á mótum, dómara og aðrir ættu það skilið að vakin væri athygli á þeirra störfum. Lauk hann máli sínu með hvatningarorðum til glímumanna.

6. Reikningar lagðir fram

Sigmundur Stefánsson gjaldkeri lagði fram og skýrði reikninga GLÍ. Reikningarnir voru við góða heilsu og tekjuafgangur nam rúmlega einni milljón króna. Inneignir í banka náðu einnig allsæmilegri upphæð og taldist staða GLÍ hin besta. Skuldir voru sáralitlar og Sigmundur bauðst til að leggja lið sitt við að minnka þær á næstunni.

Sigmundur lét þess getið að hann myndi ekki gefa kost á sér áfram til stjórnarstarfa. Hann þakkaði öllum samstarfsmönnum sínum innan stjórnar fyrir góða samveru í þessi 12 ár og þakkaði einnig fyrir gott samstarf við ÍSÍ.

7. Álit kjörbréfanefndar

Stefán Geirsson kom nú í ræðustól og las upp álit kjörbréfanefndar. Borist höfðu kjörbréf frá átta aðilum GLÍ og las Stefán upp nöfn þeirra.

HSK átti rétt á 11 fulltrúum, 5 voru mættir og fóru með 2 atkvæði hver:

1. Stefán Geirsson
2. Kjartan Lárusson
3. Jón M. Ívarsson
4. Sigmundur Stefánsson
5. Ólafur O. Sigurðsson

UÍA átti rétt á 8 fulltrúum, 2 voru mættir og fóru með 2 atkvæði hvor:

1. Ásmundur Ásmundsson
2. Atli Már Sigmarsson

ÍBR átti rétt á 6 fulltrúum, 5 voru mættir og einum bætt við:

1. Hörður Gunnarsson
2. Helgi Bjarnason
3. Valgeir Halldórsson
4. Óttar Ottósson
5. Snær Seljan Þóroddsson
6. Rögnvaldur Ólafsson

HSV átti rétt á 5 fulltrúum, 5 voru mættir og fengu 1 atkvæði hver:

- | | | |
|---------------------------|-----------|---------------------|
| 1. Rúnar Brynjólfsson | varamenn: | Birkir Stefánsson |
| 2. Hermann Níelsson | | Ísleifur M. Jónsson |
| 3. Steinar Marinósson | | Hákon Sigurðsson |
| 4. Sigurður Óli Rúnarsson | | |
| 5. Stígur Berg Sophusson | | |

UDN átti rétt á 4 fulltrúum, 3 voru mættir, einn fékk tvö atkvæði.

1. Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir
2. Svana Hrönn Jóhannsdóttir
3. Jóhann Pálmason

HSP átti rétt á tveimur fulltrúum, einn var mættur og fékk tvö atkvæði.

1. Jóhanna S. Kristjánsdóttir

ÍA átti rétt á 5 fulltrúum, einn var skráður en enginn mættur. Síðar kom Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir frá KA á þingið. Alls voru því 23 aðalfulltrúar mættir og að auki varamenn og gestir, alls 31 einstaklingur. Álit kjörbrefanefndar var samþykkt athugasemdalaust.

7. Ávörp gesta

Gestir þingsins voru allir frá Íþróttasambandi Íslands, þau Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir stjórnarmaður.

Ólafur Rafnsson óskaði formanni GLÍ til hamingju með afmælið og að það væru 20 ár síðan hann var kosinn efnilegasti glímumaður ársins eins og hann las í hinni ítarlegu og ágætu ársskýrslu GLÍ. Hann sagði að glímufólk gæti verið stolt af sínu starfi og dáðist að hinu mikla sjálfboðastarfi sem mætti lesa út úr árbókinni. Hann kvaðst hafa haft mikla ánægju af því að sjá sjónvarpsþáttinn um glímuna í Sardiníu sem sýndur var nýlega og lauk lofsorði á kynningu glímunnar erlendis.

Ólafur hrósaði hinni góðu fjárhagsstöðu GLÍ sem væri í alla staði frábær. En þótt auður í banka sé góður mættum við ekki gleyma þeim auði sem væri öllu dýrmætari, nefnilega þeim mannaúði sem við búum yfir. Hann sagðist alls ekki vilja missa Sigmund frænda sinn Stefánsson úr stjórninni og þakkaði honum sín góðu störf. Ólafur sagði að glíman væri hin eina sanna þjóðaríþrótt okkar og óskaði glímumönnum velfarnaðar.

8. Umræður

Þingforseti gaf nú orðið laust um skýrslu og reikninga.

Hörður Gunnarsson þakkaði hina ágætu skýrslu sem hér lægi fyrir. Hann hrósaði Sigmundi gjaldkera fyrir frábæra frammistöðu og skoraði á þingheim að hlusta alls ekki á Sigmund þótt hann segðist vilja hætta. Hörður lét þess getið að hann hefði lengi verið endurskoðandi Glímusambandsins og orðið þekktur fyrir sínar margvíslegu athugasemdir á þingunum sem alltaf færi þó fækkandi.

Kjartan Lárusson tók undir með Herði og Ólafi Rafnssyni að skora á Sigmund að halda áfram störfum. Kjartan sagði reikningana til fyrirmyndar og bætti við: „Sauðfjárnendur vita að það er mikils virði að hafa góðan fjárhirði.“ Hann kvaðst vilja nota tækifærið fyrst forseti ÍSÍ væri þarna staddur og gera athugasemdir við framlög ÍSÍ til sérsambanda. Þar væri hlutur GLÍ allt of lítill í hlutfalli við önnur sambönd og hefði verið lengi. „Það á ekki að blanda þessu saman við kynningu á þjóðarþróttinni,“ sagði Kjartan og skoraði á forseta ÍSÍ að kippa þessu í lag. Hann sagði glímudómara gefa sína vinnu og allir innan hreyfingarinnar væru að leggja sitt af mörkum.

Stefán Geirsson þakkaði skýrslu stjórnar. „Það kemur alltaf á óvart hvað starfið er mikið og fjölbreytt,“ sagði Stefán. Hann sagði mikil erlend samskipti vera jákvæð og óskaði Ólafi til hamingju með afmælið. „Hans hugmyndabrunnur er langt frá því að vera tæmdur,“ sagði Stefán og vildi hlífa Sigmundi frænda og að hann fengi að hætta í friði.

Jón M. Ívarsson stóð upp og þakkaði Ólafi Oddi og Sigmundi fyrir þeirra miklu og góðu störf. Slíkt væri ekki sjálfgefið og það væri happ fyrir GLÍ að hafa slíka menn við stjórn. Hann rifjaði upp þegar hann fékk Sigmund frænda sinn til að setjast í varastjórn árið 1999 með því skilyrði að hann þyrfti ekkert að gera. Það gekk eftir til að byrja með en svo gerðist það sem Jón vonaðist eftir að jafn duglegur maður og Sigmundur vildi láta til sín taka. Hann tók við gjaldkerastarfinu þegar mest á reið og ávann sér sífellt meiri tiltrú glímumanna. Jón sagðist hafa þekkt Ólaf frá því að hann fór að láta til sín taka á glímuvellinum, kornungur snáði. Hann hefði vaxið með hverju ári síðan og væri farsæll forystumaður, sífellt hvetjandi til dáða.

Ólafur Oddur Sigurðsson sagði hlý orð hvetja til góðra verka. Nefndi að gleymst hefði að geta þess í skýrslu að Árni Unnsteinsson hefði boðist til að setja myndbandasafn GLÍ yfir á geisladiska og væri því verki nú lokið. Árni ætti miklar þakkir skildar fyrir þetta framlag sitt. Ólafur sagðist hafa lagt sig fram um að gera hlutina ódýra fyrir GLÍ, til dæmis með því að fá félögin til að taka að sér glímumótin því oftast væri húsaleiga til þeirra mun ódýrari en til GLÍ. Svo vel hefði tekist til á síðasta ári að GLÍ hefði ekki þurft að eyða einni einustu krónu í húsaleigu.

9. Samþykkt reikninga

Reikningar voru bornir upp og samþykktir samhljóða.

10. Fjárhagsáætlun lögð fram

Sigmundur Stefánsson lagði fram fjárhagsáætlun næsta árs sem lá fyrir prentuð á þingskjali 1. Henni var vísað til fjárhagsnefndar. Sigmundur lagði einnig fram tillögu um gjöld ævifélaga. Sú upphæð hefur ekki breyst í mörg ár og var óbreytt nú. Þeirri tillögu var einnig vísað til fjárhagsnefndar.

11. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir þinginu.

12. Aðrar tillögur

Ólafur Oddur Sigurðsson lagði fram tillögu frá þeim Ingiberghi Sigurðssyni þess efnis að halda Evrópumeistaramót í keltnesku fangi á Íslandi árið 2013. Vísað til allsherjarnefndar.

- Þinghlé -

13. Álit nefnda

Í þinghléi nutu menn góðra veitinga í boði GLÍ og eftir rúman hálf tíma settust menn aftur að þingstörfum. Atli Már Sigmarsson flutti álit fjárhagsnefndar, fjárhagsáætlun og ævifélagagjald. Fyrst fjárhagsáætlun. Nefndin lagði til að erlend samskipti yrðu hækkuð um 100 þúsund krónur og þinghald lækkað um sömu upphæð. Niðurstöðutölur því óbreyttar. Breytingin var samþykkt og þannig var þingskjalið eftir breytinguna:

Þingskjal 1

Fjárhagsáætlun 1/1 til 31/12 2011

	Gjöld	Tekjur
Fjárveiting til glímukynninga		3.700.000
Tekjur af Lottó		1.200.000
Sérsambandsstyrkur		1.260.000
Íþróttá- og ól.samband útbreiðslustyrkur		700.000
Tekjur af glímumótum		500.000
Styrkir		200.000
Aðrar tekjur		100.000
Glímukynning	4.810.000	
Glímumót	600.000	
Erlend samskipti	500.000	
Skrifstofukostnaður	700.000	
Húsaleiga	300.000	
Ársskýrsla og þinghald	250.000	
Kaup á beltum og skóm	300.000	
Ýmis kostnaður	200.000	
Alls kr.	7.660.000	7.660.000

14. Ævifélagagjald

Ævifélagagjaldið var samþykkt óbreytt.

Þingskjal 2

Stjórn Glímusambands Íslands leggur til að gjöld ævifélaga árið 2011 verði kr. 10.000.

Reykjavík 19. febrúar 2011

Stjórn GLÍ

Svana Hrönn Jóhannsdóttir kom upp og las álit allsherjarnefndar. Nefndin lagði til að þingskjal 3 yrði samþykkt óbreytt. Það var samþykkt umræðulaust.

Þingskjal 3

47. ársþing GLÍ haldið í Reykjavík 19. febrúar 2011 felur stjórn GLÍ að sækja um að halda næsta Evrópumeistaramót í keltneskum fangbrögðum árið 2013 á Íslandi. Þar yrði á fyrsta degi keppt í glímu og á öðrum og þriðja degi í backhold og gouren.

Ólafur Oddur Sigurðsson og Ingibergur J. Sigurðsson

15. Kosningar

Þingforseti fékk lög GLÍ í hendur frá formanni og hafði þau við hönd sér meðan kosningar fóru fram. Fyrst var að vanda kosið um formann GLÍ. Fram kom tillaga um Ólaf Odd Sigurðsson sem næsta formann. Því var fagnað og samþykkt með lófataki.

Næst voru kosnir aðrir stjórnarmenn. Þingforseti tilkynnti að tveir af núverandi stjórnarmönnum hefðu ákveðið að gefa ekki kost á sér, þau Sigmundur Stefánsson og Svana Hrönn Jóhannsdóttir. Gaf hann síðan Ólafi Oddi Sigurðssyni orðið.

Ólafur Oddur Sigurðsson sagði að þau Svana hefðu komið samtímis inn í stjórn GLÍ fyrir sex árum síðan árið 2005. Hann sagði að Svana hefði starfað afar vel í stjórn og ekki síður í nefndum GLÍ. Hann kallaði Svönu upp og afhenti henni blómvönd með þakklæti fyrir samstarfið.

Ólafur sagði að Sigmundur hefði reynst afburða gjaldkeri allan þann tíma sem hann hefði verið í stjórn. Þar að auki mjög góður starfsmaður á mótum því eins og allir vissu hefði ekki verið haldið glímumót síðustu árin án þess Sigmundur væri þar að störfum, traustur og ábyggilegur eins og alltaf. Ólafur afhenti síðan Sigmundi blómvönd með þakklæti fyrir samstarfið.

Þá var kosningum fram haldið. Fram kom tillaga um stjórnarmenn: Ingibergur J. Sigurðsson, Atli Már Sigmarsson, Snær Seljan Þóroddsson og Hugrún Geirsdóttir í aðalstjórn en Jón Smári Eypórsson, Sabína Steinunn Halldórsdóttir og Helgi Bjarnason í varastjórn. Það var samþykkt samhljóða.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Kjartan Lárusson og Sigurjón Leifsson og varamenn þeir Garðar Erlendsson og Sylvía Sigurðardóttir. Fulltrúakjöri á ÍSÍ-þing var vísað til stjórnar. Í Aganefnd voru kjörnir: Elías Árnason, Kristján Yngvason og Engilbert Olgeirsson. Til vara: Sveinn Guðmundsson, Árni Unnsteinsson og Auðunn Ásberg Gunnarsson. Engin mótframboð komu fram og allir voru samþykktir einróma.

16. Önnur mál

Sigmundur Stefánsson kom upp og þakkaði góð orð í sinn garð. Hann sagðist hafa unnið með fjórum formönnum á sínum stjórnarferli og þrír þeirra sætu þarna við hlið hans á þinginu. „Í glímunni er mikið af litríkum og skemmtilegum mönnum sem gaman er að kynnast,“ sagði Sigmundur og kvaðst þá ekki síst hafa glímudómarana í huga. Það væri sérstök upplifun að spila bridds með þeim ágætu mönnum. Hann þakkaði glímumönnum samstarfið og óskaði þeim allra heilla.

Kjartan Lárusson sagði að Sigmundur væri velkominn til að spila bridds með glímudómurum hvenær sem væri. Hann sagði þetta vera gott þing en full stutt. Menn væru ekki eins málgláðir nú og fyrrum þegar rætt hefði verið um glímulög.

Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir þakkaði Svönu og Sigmundi þeirra góðu störf. Þar sem hún er að læra lögfræði fannst henni rétt að leggja til að lög GLÍ birtust í ársskýrslunni.

Jóhann Pálmason vildi koma því á framfæri að hann væri óhress með störf mótanefndar. Hún hefði sett mót á síðasta vetrardag án samráðs við Glímufélag Dalamanna. Þetta hefði gerst áður og komið sér illa fyrir félagið.

Kristján Yngvason þingforseti sagði loforð Ólafs Odds um rólegt og gott þing hafa ræst og þakkaði þingfulltrúum samveruna. Gaf hann síðan nýkjörnum formanni orðið.

Ólafur Oddur Sigurðsson þakkaði það traust sem honum væri sýnt með því að endurkjósa hann í formannssætið. Sagði að meðan hann væri brennandi í andanum myndi hann halda áfram formannsstörfum. Ólafur lofaði að hafa samráð við Jóhann Pálmason um mótadaga næst. Hann vænti þess að sjá sem flesta á glímukeppni morgundagsins og óskaði þingfulltrúum og gestum góðrar heimferðar og sagði 47. glímuþingi slitið.

Jón M. Ívarsson
þingritari